

**Borgarstiórnn**  
**18. febrúar 2020**

**Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að fjölga stöðugildum hjá Íþróttafélaginu Leikni**

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að þjónustusamningur sem til stendur að endurnýja við Leikni feli í sér fjölgun stöðugilda um eitt og hálf. Leiknir er með aðeins eina deild og því ekki skilgreint sem hverfisfélag. Félagið hefur ekki fjárhagslega burði til að fjölga íþróttagreinum til að geta kallast hverfisfélag. Eini starfsmaður Leiknis gengur í öll störf. Sérstaða Leiknis er að félagið er í hverfi 111 en það hverfi er með hæsta hlutfall fjölskyldna á fjárhagsaðstoð og hæsta hlutfall borgara af erlendum uppruna. Æfingagjöld Leiknis eru lág og eru að upphæð kr. 50.000/ári fyrir yngstu iðkendurna. Forsenda þess að hægt sé að efla starfið er að fjölga stöðugildum og að öll börn án tillits til efnahags foreldra geti notað rétt sinn til Fristundakortsins samkvæmt upphaflegum tilgangi þess. Ein af ástæðum fyrir fáum iðkendum hjá Leikni er að Fristundakortið nýtist illa í hverfi 111. Fátækir foreldrar hafa þurft að nota Fristundakortið til að t.d. greiða fyrir fristundaheimili, tungumálakennslu auk þess sem það er sett sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð, skuldaskjól og afskriftir skulda. Börn þessara foreldra hafa því ekki sömu tækifæri og önnur börn að nota rétt sinn til Fristundakortsins til að niðurgreiða íþróttaiðkun.

**Greinargerð:**

Flokkur fólksins er hér að horfa til hagsmuna barna í Efra-Breiðholti. Sérstaða Leiknis er mikil. Til að Leiknir geti haldið lágum æfingagjöldum, haldið úti öflugum starfi, hlúð að iðkendum sínum og fundið leiðir til að stækka og vaxa þarf að bæta við einu og hálfu stöðugildi. Leiknir er ekki félag sem getur treyst á það að æfingagjöld borgi launakostnað þjálfara yngri flokka. Æfingagjöldin dekkja ekki launakostnað. Hækki gjöldin eru líkur á að færri börn stunda íþróttir í Efra-Breiðholti. Leiknir er einfaldlega í allt öðru umhverfi en öll önnur félög.

Leiknir er ekki hverfisfélag samkvæmt skilgreiningu borgarinnar, þótt það sé einungis eitt félag í Efra-Breiðholti. Ef Reykjavíkurborg vill að Leiknir verði hverfisfélag samkvæmt skilgreiningu borgarinnar er félagið tilbúið til þess. Leiknir er sem dæmi tilbúið til að stofna blakdeild.

Félagsgjöld Leiknis eru 50.000 kr. fyrir þau yngstu og upp í 70.000 kr. fyrir þau elstu. Gjöldin eru ekki lotuskript. Ávallt eru einnig einhver börn sem mæta en geta ekki greitt félagsgjald. Í hverfinu búa mörg börn sem langar að taka þátt í starfi Leiknis en geta það ekki vegna bágs efnahags foreldra. Oft koma krakkar inn sem ekki tala neina íslensku og víta að hjá Leikni hitta þau önnur börn sem eru í sömu sporum. Engum er vísað frá og reynt er að taka alla með í starfið þótt þeir séu ekki formlega skráðir í félagið.

Samningur sem nú er í gildi milli borgarinnar og Leiknis tók gildi 22. janúar 2008. Drög að nýjum samningi liggja á borðinu frá ÍTR sem býður félaginu hækkun upp á 56.000 kr. á mánuði. Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að þetta sé ekki í neinum takti við þá launapróun sem hefur átt sér stað á síðasta áratug. Þetta er heldur ekki í neinu samræmi við þær kröfur og lágmarksskyldur sem félaginu er gert að sinna. Í drögum að nýjum samningi er auk þess gerðar nýjar kröfur til félagsins. Þar segir:

„Leiknir skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskyldu tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á mannvirkjum.

Slík trygging sem hér um ræðir kostar mikið. Í raun má því segja að ekki sé verið að hækka þennan samning um 56.000 kr. á mánuði, þar sem skuldbindingar koma á móti. Sífelld er verið að setja meiri skuldbindingar á Leikni án þess að nokkuð komi á móti. Sem dæmi bættust sorpgjöld á Félagið árið 2018. Sjálfsagt er að Félagið greiði slíkt en það þarf þá að fylgja því fjármagn. Að öðrum kosti kemur það niður á starfinu. Vegna þess að Leiknir berst í bökkum fjárhagslega eru laun þjálfara lægri en gengur og gerist hjá öðrum íþróttafélögum.

Það er orðið alveg ljóst að Leiknir getur ekki rekið félag með einungis einn starfsmann og getur heldur ekki haldið úti starfi í því fjárhagslega umhverfi sem Reykjavíkurborg býður upp á. Til að geta sinnt lágmarksskyldu þarf Leiknir að bæta við að lágmarki einu og hálfu starfsgildi hjá félaginu svo það geti sinnt lágmarksskyldu.

Með hagsmuni barna í hverfinu að leiðarljósi sem mörg eru börn efnaminni foreldra er mikilvægt að styðja og styrkja Leikni sérstaklega. Mest um vert er að fjölga stöðugildum. Með öðrum starfsmanni er ekki öll viðvera á herðum eins starfsmanns og hægt er að skipta með sér þrifum og annarri ábyrgð. Með fleiri stöðugildum er hægt að bjóða upp á meiri sveigjanleika og vinna markvisst að því að fjölga iðkendum en halda áfram lágum iðgjöldum. Svo virðist sem Leiknir eigi engan talsmann í stjórnkerfi borgarinnar og það er mat borgarfulltrúa að enginn sé þar að berjast fyrir lífi þessa félags. Tími er kominn að gera betur fyrir lítið félag sem er með lægstu æfingagjöldin og er í hverfi þar sem ríkir mest fátækt af öllum hverfum borgarinnar, þar sem hæsta hlutfall erlendra borgara býr og þar sem félagsleg blöndun þeirra hefur með öllu mistekist.

### **Um Frístundakortið og afbökun upphaflegs tilgangs þess**

Flokkur fólksins vill nota tækifæri hér og ræða um málefni Frístundakortsins enn einu sinni enda um réttlætismál að ræða fyrir börnin ekki síst börnin í hverfi 111 þar sem hæsta hlutfall fjölkskyldna á fjárhagsaðstoð býr. Komið hefur fram í fyrri svörum borgarinnar við fyrirspurnum Flokks fólksins að fjöldi þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð er mestur hverfi 111 en þar er einnig Frístundakortið minnst nýtt af öllum hverfum. Fulltrúi Flokks fólksins telur líklegt að það sé vegna þess að Frístundakortið er skilyrði þess að foreldrar geti sótt um fjárhagsaðstoð. Notkun Frístundakortsins í hverfi 111 er innan við 70% og notkun þess er minnst í íþróttir í samanburði við önnur hverfi ( 21% stúlkna og 43% drengja). Í hverfinu er 35% barna eru af erlendu bergi brotin.

Upphaflegt markmið Frístundakortsins var að öll börn gætu tekið þátt í tómstundaiðkun óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Kortið átti að auka jöfnuð og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi. Árið 2009 var af tilstuðlan VG reglum breytt fyrst þannig að hægt var að nota það til að greiða frístundaheimili. Nú er kortinu ætlað að dekkja fleira s.s. tungumálakennslu og er einnig notað sem gjaldmiðill upp í skuldir, skuldaskjól og sem aðgangsmiði til að sækja um fjárhagsaðstoð. Hægt er að fara aðrar leiðir og hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins bent á styrki á grundvelli 16. gr. A. Það er ábyrgð velferðarsviðs að upplýsa foreldra sem þess þurfa um möguleika á styrk á grundvelli 16. gr. t.d. til að greiða Frístundarheimili. Börn eru á Frístundarheimili til þess að foreldrar geti unnið úti. Það er óeðlilegt að taka réttinn til Frístundarkortsins af foreldrum sækji þeir um fjárhagsaðstoð, skuldaskjól eða afskriftir. Hér er verið að brjóta á börnum, gefa þeim tækifæri með hægri hendi en hrifsa það til baka með þeirri vinstri.

Leiknir berst fyrir að fá fleiri iðkendur og vilja þess vegna halda æfingagjöldum sem lægstum. Verði reglum um Frístundarkort breytt til upphaflegs tilgangs þess myndi nýting þess verða betri. Fleiri börn fengju tækifæri til að skrá sig ef þau gætu nýtt Frístundarkortið til að niðurgreiða félagsgjöldin. Það myndi breyta miklu fyrir börnin í hverfinu ef þau gætu nýtt Frístundarkortið sitt til að skrá sig hjá Leikni. Með fjölgun iðkenda mun Leiknir eflast og geta stækkað.

Í gangi er starfshópur „um Frístundarkort“ en ekki er vitað um framvindu þeirrar vinnu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins skorar á stýrihópinn að breyta reglum um Frístundarkortið þannig að það hafi aðeins sitt upphaflega markmið sem er „að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.“

Munum að Frístundakortinu var ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi. Til að aðstoða efnalítla foreldra með gjöld á frístundaheimili og í málanám er aftur minnt á styrk á grundvelli 16. gr. a. Afnema á alfarið allt sem tengir Frístundarkortið við fjárhagsaðstoð, skuldaskjól eða afskriftir foreldra enda er með því verið að ganga á rétt barna til að hafa jafna stöðu að stunda íþróttir- og tómstundir.